



KRÝSUVÍKURKIRKJA

AFHENDING FLUTNINGUR KIRKJUVÍGSLA

Hvítasunnudag 5. júní 2022
Kirkjukaffi í Sveinshúsi eftir kirkjuvígslu

ÞÁTTAKENDUR Í ENDURREISN KRÝSUVÍKURKIRKJU

STJÓRN VINA FÉLAGS KRÝSUVÍKURKIRKJU

Jónatan Garðarsson, formaður
Sigurjón Pétursson, varaformaður
Fríða Erna Berg
Erlendur Sveinsson
Björn Pétursson

Varastjórn

Gunnþór Þ. Ingason
Sveinn M. Sveinsson
Magnús Gunnarsson

Byggingarnefnd

Hrafnkell Marínósson
Guðmundur Lúther Hafsteinsson
Björn Pétursson

HELSTU STYRKARÆDILAR

Erna Fríða Berg
Guðmundur Bjarnason
Halldóra Edda Jóhannsdóttir
Hrafnhildur Sigurjónsdóttir
Hulda Halldórsdóttir
Jónatan Garðarsson
Jón Jónsson
Knútur Björnsson
og Kristjana Ellertsdóttir
Lore Siemsen
Lúther S. Kristjánsson
Snorri F. Welding

Byko
Dalsnes ehf., Ólafur Björnsson
Fura, Haraldur Þór Ólafsson
Iðnskólinn í Hafnarfirði
Íspan
Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Steyrustöðin ehf., Vatnsskarðsnámur
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins
Þjóðminjasafn Íslands

ENDURSMÍÐI KRÝSUVÍKURKIRKJU 3. janúar 2010 - 9. október 2020

Iðnskólinn í Hafnarfirði
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins
Skólameistarar á tímabilinu

Jóhannes Einarsson
Ársæll Guðmundsson
Hildur Ingvarsdóttir

Smíðir, smíðakennarar

Hrafnkell Marínósson, yfirmiður
Björn Ottó Halldórsson, Bjarni
Þorvaldsson, Guðmundur Helgi
Helgason, Þórhallur Hólmeirsson

Nemendur í byggingargreinum
Iðnskólans og Tækniskólans 2010 - 2020

Ráðgjafi við smíðina

Guðmundur Lúther Hafsteinsson

Byggingateikningar

Batteríð, Sigurður Einarsson

Sérsmíðaðar lamir fyrir gluggahlara
Birkir Örvarsson

Fornminjarannsókn

Katrín Gunnarsdóttir
Heiðrún Konráðsdóttir
Rósa Karen Borgþórsdóttir

Grjóthleðsla á kirkjustað

Krossborg ehf., Ari Óskar Jóhannesson

FLUTNINGUR KRÝSUVÍKURKIRKJU 9. - 10. október 2020

Kranastæði við kirkjuna:

Grafa og grjót ehf., Sigurður Gylfason

Flutningur kirkjunnar til Krýsuvíkur:

Einar og Tryggvi ehf.,
(Tryggvi Aðalsteinsson)

Hífiing kirkjunnar á flutningavagn og á kirkjugrunn:

DS Lausnir ehf., Daníel Sigurðsson
og Marian Sigurðsson
Guðbjartur Agnarsson, kranamaður

VÍGSLUMESSA

Hvítasunnudag 5. júní 2022

Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup,
vígsla og predikun
Sr. Hans Guðberg Alfreðsson, prófastur
Sr. Gunnþór Þ. Ingason
Sr. Jónína Ólafsdóttir

Tónlistarflutningur

Eyjólfur Eyjólfsson, tónlistarstjórn,
forsöngur, langspil og barokkflauta
Þóra Björnsdóttir, forsöngur

Lestur ritningarorða og burður helgigripa

Fulltrúar Vínafélags Krýsuvíkurkirkju,
Tækniskólans og Hafnarfjarðarkirkju

Upphenging altaristöflu

Erlendur og Sveinn M. Sveinsson

Umsjón með útsendingu hljóðs

Bogi Reynisson, hljóðmaður

Ljósmyndun viðburðarins

Árni Sæberg, ljósmyndari

VÍGSLUSKRÁ

Hönnun, umbrot og ritstjórn

Erlendur Sveinsson

Efni

Jónatan Garðarsson, Hildur Ingvars-
dóttir, Margrét Hallgrímsdóttir,
Guðmundur Lúther Hafsteinsson,
Hrafnkell Marínósson, Rósa
Gubjartsdóttir, Gunnþór Þ. Ingason

Ljósmyndir

Sigurjón Pétursson, Þóra Hrönn
Njálsdóttir, Erlendur Sveinsson,
Jónatan Garðarsson

Forsíðumynd

Guðni Gíslason

Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Útg. Hafnarfjarðarkirkja © 2022

VÍGSLUMESSA

1. **INNSPIL - INNGANGA - UPPHENGING ALTARISTÖFLU**

2. **UPPHAFSORÐ** (Jónatan Garðarsson, formaður Vínafélags Krýsuvíkurkirkju)

3. **SIGNING OG INNGÖNGUBÆN** (Sr. Gunnþór Þ. Ingason)

4. **SÁLMUR 285**

Kirkja vor Guðs er gamalt hús,
Guðs mun þó bygging ei hrynja.
Guð er til hjálpar henni fús,
hvernig sem stormarnir dynja.
Mannvirki rammgjörst féllu fljótt,
finnur enn skjólið kristin drótt
Herrans í húsinu forna.

Herrann ei býr í húsum þeim,
hagleg er mannaverk þykja,
musteri gjörvöll hér um heim
himnanna Drottin ei lykja.
Þó hefur bústað byggðan sér
blessaður Guð í veröld hér
dýran, af duftinu reistan.

Inni Guðs veglegt erum vér
upp byggt af lifandi steinum,
skírnr vora tállaus trú ef er
tengd við í kærleika hreinum.
Jörðinni þó að allri á
aðeins vér lifðum tveir, oss hjá
byggdi vor blessaði Drottinn.

Helgi Hálfðánarson

5. **Tekið við altarisdúk og altarisstjökum. Kveikt á altarisljósum** (Biskup)

6. **Tekið við krossi, bíblíu, handbók og sálmabók kirkjunnar** (Biskup)

7. **RITNINGARORÐ** (Biskup og prestar)

8. **Skírnarskál borin að altari** (Biskup)

9. **RITNINGARORÐ** (Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari Tækniskólans)

10. **BÆN** (Biskup)

11. **Tekið við vinkönnu, brauðöskjum, þerrum og dúkum** (Biskup)

12. **Tekið við patínu og kaleik** (Biskup)

13. **RITNINGARORÐ** (Magnús Gunnarsson, formaður sóknarnefndar Hafnarfjarðarkirkju)

14. **BÆN** (Biskup)

15. **SÁLMUR 267**

Kristur, sem reistir þitt ríki á jörð,
ríkið, sem eilíft skal standa,
gefðu nýtt líf, meira ljós, þinni hjörð,
leið oss í heilögum anda.
Helga vorn vilja að vinna þér,
vitna um þig, meðan dagur er.

Tendra þú eld þinnar ástar í sál
allra, sem miskunn þín sendir,
styrk þá að flytja þitt fagnaðarmál,
fölskvalaust allt, sem þú kenndir.
Í þinni fylgd verði höndin hlý,
hugurinn bjartur og tungan ný.

Þú hefur fórnað og fyrir oss strítt,
fátækt þín auðgað oss hefur.
Andann þinn helga, sem allt gjörir nýtt,
ómælt þú sendir og gefur.
Opna þú hjörtun og auk oss trú,
eilífi frelsari, bænheyr þú.

Sigurbjörn Einarsson

16. **RITNINGARORÐ** (Sr. Jónína Ólafsdóttir)

17. **BÆN** (Biskup)

18. **RITNINGARORÐ** (Eyjólfur Eyjólfsson)

19. **BÆN** (Biskup)

20. **SÁLMUR 331**

Sannleikans andi,
lát sannleikans ljós þitt oss skína,
send oss í myrkrunum
himnesku geislana þína,
sannleikans sól,
sjálf Guðs að hátignarstól
lát þú oss leiðina sýna.

Kærleikans andi,
hér kom með þinn sólaryl blíða,
kveik þú upp eld þann,
er hjartnanna frost megi þíða.
Breið yfir byggð
bræðralag, vinskap og tryggð.
Lát það vorn lífsferil prýða.

Heilagur andi,
þér heilagt byggusteri' á jörðu,
heilagan söfnuð
og flekklausa kristnina gjörðu.
Heilagra hnoss
hlotnast um síðir lát oss
Drottins með heilagra hjörðu.

Valdimar Briem

21. **VÍGLSUORÐ OG BÆN** (Biskup)

22. **GUÐSPJALL** (Sr. Hans Guðberg Alfreðsson)

23. **TRÚARJÁTNING**

24. **MOLDHLÝ ER JÖRÐIN**

Ljóð: Matthías Johannessen

Lag: Atli Heimir Sveinsson

Einsöngur við langspilsundirleik: Eyjólfur Eyjólfsson

Ljóð og lag var samið árið 2007 í tilefni af
150 ára afmæli Krýsuvíkurkirkju og
10 ára systrasamlagi hennar og Sveinssafns

Moldhlý er jörðin, mosgrænn blær af fjalli,
mjúkhentur dagur við vatnsins öldunið,
eilífdin þagnar, þögn við dauðans klið.

Sól rís til himins, horfir eins og falli
himneskur dagur, nýr að ösku og gjalli
þangað sem hugarveröld vatnsins býr,

þangað sem lífið einatt aftur snýr
og jörðin fönðrar glöð við sína liti
og án þess nokkur undrist það og viti,

hér er þinn Guð og vinnur vorið að
þeim veruleika sem er eins og hnti
þreinin sól um þennan grýtta stað,

líkast því sem lífið endurriti
leiftrandi von á dauðans minnisblað.



Krýsuvíkurkirkja daginn sem hún var hífð á grunn sinn þann 10. október 2020. Ljósmynd: Erlendur Sveinsson



Krýsuvíkurkirkja árið 2005. Ljósmynd: Símon Örn Birgisson



Krýsuvíkurkirkja árið 1964. Sáluhlíð að norðanverðu og girðing umhverfis kirkjuna. Hverjir eru á myndinni? Ökunnur ljósmyndari

25. **PREDIKUN** (Biskup)
26. **LJÓÐ**
Upp er risin Krýsuvíkirkirkja (Sr. Gunnþór Þ. Ingason orti í tilefni af vígslu kirkjunnar)
27. **POSTULEGA KVEÐJA** (Sr. Gunnþór Þ. Ingason)
28. **FLAUTULEIKUR**
29. **KIRKJUBÆN** (Sr. Jónína Ólafsdóttir)
30. **KÆRLEIKSMÁLTÍÐ** (Biskup og prófastur)
Undirleikur á barokkflautu.
31. **SYNDAJÁTNING OG FRÍÐARKVEÐJA**
Prófastur: Játum syndir vorar og lífum í kærleika við alla menn.
Söfnuður: Ég játa fyrir þér, almáttugi Guð, skapari minn og lausnari, að ég hef margvíslega syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum.
Fyrirgef mér sakir miskunnar þinnar og leið mig til eilífs lífs, til dýrðar nafni þínu.
Prófastur: Almáttugur Guð fyrirgefi oss allar syndir, styrki oss og leiði til eilífs lífs fyrir Drottinn vorn Jesúm Krist.
Söfnuður: Amen.
Prófastur: Friður Drottins sé með yður...
Söfnuður: ...og með þínum anda.
32. **BÆN OG LOFGJÖRÐ** (Biskup)
33. **INNSETNINGARORÐ**
34. **FAÐIR VOR**



Að lokinni endurvígslu Krýsuvíkirkirkju, 1964. F.v. Stefán Jónsson, forseti bæjarstj. Hafnarfj., sr. Garðar Þorsteinsson, Björn Jóhannesson, herra Sigurbjörn Einarsson, biskup, sr. Ingólfur Ástmarsson og Kristján Eldjárn, þjóðminjavörður

35. **GUÐS LAMB** (Samlestur. Biskup og söfnuður)
Ó, þú Guðs lamb, sem burt ber heimsins syndir, miskunna þú oss.
Ó, þú Guðs lamb, sem burt ber heimsins syndir, miskunna þú oss.
Ó, þú Guðs lamb, sem burt ber heimsins syndir, gef oss þinn frið.
36. **ÚTDEILING**
37. **BÆN** (Biskup)
38. **BLESSUN** (Biskup)
39. **SÁLMUR 56**
Son Guðs ertu með sanni,
sonur Guðs, Jesús minn,
son Guðs, syndugum manni
sonar arf skenktir þinn,
son Guðs einn eingetinn,
syni Guðs syngi glaður
sérhver lifandi maður
heiður í hvert eitt sinn
Hallgrímur Pétursson
40. **LOKAORÐ** (Magnús Gunnarsson)
41. **ÚTGÖNGUSPIL OG SÁLMUR**
42. **Messuvíni dreypt á gröf**
43. **Kirkjukaffi í Sveinshúsi**

ÚTGÖNGUSÁLMUR 519

Upp, þúsund ára þjóð,
með þúsund radda ljóð.
Upp allt, sem er og hrærist
og allt, sem lífi nærast.
Upp, harpa Guðs, þú heimur.
Upp, haf og landageimur.

Skín, sól, á sumarfjöll,
og signdu vatnaföll,
breið geisla guðvefslæði
á grundir, skóg og flæði,
gjör fjöll að kristallskirkjum
og kór úr bjarga virkjum.

Krjúp lágt, þú litla þjóð,
við lífsins náðarflóð.
Eilífum Guði alda
þú átt í dag að gjalda
allt lánsfé lífs þíns stunda
með leigum þúsund punda.

Upp, upp, þú Íslands þjóð
með eldheitt hjartablóð,
Guðs sólu signd er foldin,
öll sekt í miskunn goldin:
Þú átt, þú átt að lifa
öll ár og tákn það skrifa.

Kom, Jesú Kristí trú,
kom, kom og í oss bú,
kom, sterki kærleiks kraftur,
þú kveikir dáíð aftur.
Ein trú, eitt ljós, einn andi
í einu fósturlandi.

Guð faðir, lífs vors líf,
þú lands vors eilíf hlíf,
sjá, í þér erum, hrærumst,
og af þér lífum, nærumst,
þú telur minnstu tárin
og tímans þúsund árin.

Matthías Jochumsson



Sveinshús gegnt Grænavatni og súrheysturnum



Sýningin KONAN MÍN í Sveinshúsi

AFHENDINGIN 22. júní 2020



Sýningin KONAN MÍN:
Myndgerving trúarinnar
eftir Svein Björnsson

FLUTNINGURINN 9. - 10. október 2020

AFHENDING KRÝSUVÍKURKIRKJU



Fyrir framan hina endurbyggðu Krýsuvíkirkirkju við upphaf formlegrar afhendingar sem að öðru leyti fór fram innan dyra. Hildur Ingvarsdóttir, skólastjóri, ávarpar samkomuna. Þjóðminjavörður, Margrét Hallgrímsdóttir (t.v.) og bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Rósa Ingólfssdóttir fyrir miðju. Að baki bæjarstjóra er Jónatan

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, áður Iðnskóli Hafnarfjarðar, boðaði til hátíðlegrar athafnar í fullsmíðaðri Krýsuvíkirkirkju þann 22. júní 2020 kl. 14:00. Tílefnið var afhending fullsmíðaðrar Krýsuvíkirkirkju til Þjóðminjasafns

Garðarson, formaður Vínafélags Krýsuvíkirkirkju en lengst t.h. eru þau séra Gunnþór P. Ingason, ábyrgðarmaður helgishalds í Krýsuvíkirkirkju, og Friða Erna Berg, gjaldkeri vínafélagsins, þá Magnús Gunnarsson, sóknarnefndarformaður, og séra Þórhildur Ólaf, prófastur

Íslands, eiganda kirkjunnar frá 1857, sem brann til kaldra kola árið 2010. Fjöldi gesta var viðstaddur athöfnina. Flutt voru ávörp og blessun. Að því loknu bauð Tækniskólinn upp á kirkjukaffi.

Ávarp Hildar Ingvarsdóttur, skólameistara Tækniskólans, áður Iðnskóla Hafnarfjarðar

Fyrir utan kirkjudyrr

Kæra góða fólk, verið þið hjartanlega velkomin á þessa lyklaafhendingu að þessu húsi sem er búið að vera í smíðum í 10 ár eða frá því að Guðmundur Lúther gerði teikningar að kirkjunni og þar til hún varð klár. Og hér eru nokkrir sem munu taka til máls í dag og kunna söguna miklu betur en ég. Ég vissi fyrst af þessu 2018, þegar séra Gunnþór og Erna komu á fund minn á Skólavörðuholti, en síðan þá hef ég kannski tekið mest þátt í að hvetja fólk til dáða að klára.

Það má segja að þetta hófst í ákveðnu áfalli, þessi vinna, eftir að kirkjan brann og hún endar í Kóvíd, við kláruðum hana í seinna áfalli. Það stóð til að klára hana með nemendum á þessari önn en það fór eins og það fór. Og þegar að það var ljóst að þeir myndu ekki geta komið inn þá eru bara frábærir kennarar hér sem tóku sig til og smíðuðu eitt stykki predikunarstól, bekki, grátarnar, altarissskápinn og luku þessari kirkju á þennan góða hátt. Það verður boðið í kaffi í litla sumarhúsinu hér fyrir aftan, - þannig að verið hjartanlega velkomin.



Á meðal kirkjugesta: Séra Jón Helgi Þórarinnsson, prestur Hafnarfjarðarkirkju, Magnús Gunnarsson, sóknarnefndarformaður og Jóhannes Einarsson fyrrum skólameistari

Inni í kirkju

Ég er óskaplega ánægð og stolt að hafa fengið að upplífa að þessu lyki, þessu frábæra verki. Það er svo margt fallett sem gerist í því. En það er náttúrulega allt þetta samfélag sem kemur

AFHENDING KRÝSUVÍKURKIRKJU

saman, nemendur sem leggja hönd á plóg, kennarar sem miðla og hafa lagt alveg gríðarlega alúð í þetta verk sem er algjörlega stórkostlegt. Ég ætla núna, - og vona að það riðli ekki dagskránni, - að fá að afhenda henni Margréti Lykilinn að kirkjunni. Ég ætla svo að fá hann lánaðan aftur vegna þess að ég er búinn að lofa föður mínum, Hafnfirðingnum og bróður hans, þeir heita Ingvar Birgir og Friðleifur Egill, að koma hingað í sérstaka heimsókn og jafnvel fleiri systkini, ég er semsé af Hafnarfjarðarættum þó svo ég hafi aldrei búið hér.

Hildur við Margréti: „En bara gjörðu svo vel“.



Ávarp formanns Vínafélags Krýsuvíkurkirkju, Jónatans Garðarssonar, fjölmiðlamanns

Þegar Krýsuvíkurkirkja brann til grunna aðfaranótt 2. janúar 2010 brá mörgum í brún, enda þótti mörgum vænt um þessa litlu, afskekktu kirkju. Nokkrir velunnarar kirkjunnar höfðu samband sín á milli strax eftir brunann og réðu ráðum sínum. Haft var samband við bæjarstjóra Hafnarfjarðar, þjóðminjavörð og marga fleiri og þann 14. janúar var haldinn stofnfundur Vínafélags Krýsuvíkurkirkju.

Meðal þeirra sem tóku þátt í stofnfundinum auk mín voru Gunnþór Ingason, ábyrgðarmaður helgihalds í Krýsuvík, Sigurjón Pétursson, formaður sóknarnefndar Hafnarfjarðarkirkju, Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, Jóhannes Einarsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, Kristján Valur Inngólfsson, vígslubiskup í Skálholti, Björn Pétursson, frá Bygðasafni Hafnarfjarðar, Anna Lís Rúnarsdóttir, frá Þjóðminjasafni Íslands, Guðmundur Lúther Hafsteinsson, frá Húsafriðunarnefnd, Sveinn M. Sveinsson, lækni, Erlendur Sveinsson, kvikmyndagerðarmaður,

Margrét: „Takk, við leggjum saman hönd á lykil“.

Pessu næst kallar Hildur upp kirkjusmiðina sem viðstaddir eru. Hildur: Hér eru þrír af þeim fimm kennurum sem eru búnir að vera alveg gríðarlega dugleigir við að klára þetta listaverk sem hér er. Ég ætlaði að fá að afhenda ykkur blóm, gerðu svo vel, Vernharður Engilberts er málari en hinir eru smiðir.

Hildur afhendir Birni O. Halldórssyni og Hrafnkatli Marínóssyni sinnhvorn blómvöndinn.

Jónatan: Svo er hér sameiginlegur blómvöndur fyrir ykkur öll, fyrir skólann, kennarana, nemendurna, núverandi og fyrrverandi. Gjörðið þið svo vel. Þetta er frá Vínafélaginu.



Erna Fríða Berg, Hrafnkell Marínósson, deildarstjóri byggingadeildar Iðnskólans og fleiri. Á fundinum var kosin stjórn sem skipti með sér verkum: Jónatan Garðarsson formaður, Sigurjón Pétursson varaformaður, Erna Fríða Berg gjaldkeri, Björn Pétursson ritari og Jóhannes Einarsson meðstjórnandi. Varastjórn skipuðu: Sveinn M. Sveinsson, séra Þórhallur Heimisson og séra Gunnþór Ingason. Jafnframt var skipuð bygginganefnd: Björn Pétursson, formaður, Hrafnkell Marínósson og Guðmundur Lúther Hafsteinsson.

„Eigum við ekki að byggja nýja kirkju?“

Áður en stofnundurinn var haldinn hafði Hrafnkell samband við undirritaðann og spurði hvort það væri ekki ráð að byggja nýja Krýsuvíkurkirkju í stað þeirrar sem brann. Þegar leið á samtalið varð niðurstaðan sú að kanna hvort nemendur og kennarar Iðnskólans í Hafnarfirði gætu tekið að sér að endurbyggja

AFHENDING KRÝSUVÍKURKIRKJU

kirkjuna. Starfsmaður Þjóðminjasafnsins hafði gert útlits- og innviðteikningar og mælt Krýsuvíkurkirkju upp nokkrum árum fyrr. Hrafnkell hafði samband við skólameistara Iðnskólans, sem tók vel í hugmyndina og starfsfólk skólans var reiðubúið að leggja fram þekkingu og kunnáttu sína til að vinna verkið. Þessi hugmynd var kynnt á stofnfundi Vínafélagsins og bundið fastmælum að ráðast í endursmiði kirkjunnar eins fljótt og kostur væri. Gerður var samningur milli Vínafélags Krýsuvíkurkirkju og Iðnskólans í Hafnarfirði um verkið og fljótlega var hafist handa við smiðina. Brunabætur þær sem fengust fyrir kirkjuna runnu til verksins, en vinnuframlag nemenda og kennara Iðnskólans skipti sköpum. Vínafélagið aflaði styrkja til að greiða annan kostnað en fyrir fyrir smiðina sjálfa.

Sameiginlegt átak í átt að upprunaleika

Lögð var rík áhersla á að byggja kirkjuna í samræmi við upprunalegt útlit samkvæmt heimildum þjóðminjavörslu um útlit, innviði, handbragð og efnivið. Samþykkt var á stofnfundinum að þegar byggingu kirkjunnar væri lokið yrði gerður máldagi og kirkjan vígð. Verkefnið naut frá upphafi velvilja Þjóðminjasafnsins, Þjóðkirkjunnar, Húsafriðunarnefndar, Bygðasafns Hafnarfjarðar, bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, Iðnskóla Hafnarfjarðar og fleiri málsmetandi aðila sem mynduðu bakland verkefnisins.

Gengið var út frá því að nemendur Iðnskóla Hafnarfjarðar, undir handleiðslu kennara skólans, smiðuðu kirkjuna og innanstokksmuni og að kirkjunni yrði skilað fullbúinni eins fljótt og kostur væri. Fyrir þessum hópi fór Hrafnkell Marínósson og bar hann mestan þunga verksins, en einnig tóku kennararnir Björn Ottó Halldórsson, Bjarni Þorvaldsson og Guðmundur Helgi Helgason virkan þátt í verkefninu ásamt öðru starfsfólki og fjölda nemenda.

Guðmundur Lúther Hafsteinsson, þáverandi starfsmaður Húsafriðunarnefndar, og núverandi sviðsstjóri Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands, tók að sér að útbúa vinnuteikningar



Staða kirkjusmiðinnar árið 2011. Nemendur, kennarar og forsvarsmenn Vínafélagsins

og hafa eftirlit með smiðinni. Verkefnið var liður í að kenna nemendum skólans rétt handbrögð og vinnulag við smíði húsa af gamalli gerð. Þegar Jóhannes Einarsson hætti var Ársæll Guðmundsson ráðinn skólameistari og tók sæti Jóhannesar í stjórn Vínafélagsins. Smíði kirkjunnar fór fram á lóð skólans við Flatahraun í Hafnarfirði og var upphaflega reiknað með að hún tæki tvö til þrjú ár, en af ýmsum ástæðum tók verkið lengri tíma. Meðal þess sem taði

verkið var sú staðreynd að nemendum í byggingagreinum fækkaði mjög eftir að áhrifa fjármálahrunsins 2008 tók að gæta í þjóðfélaginu.

Vísitasía. Biskup kynnir sér stöðu kirkjusmiðinnar

Verkið þokaðist samt sem áður áfram og var langt komið vorið 2013 þegar Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, vísitaraði Hafnarfjarðarprestakall. Biskup skoðaði kirkjuna 21. apríl og haldin var látlaus helgiathöfn í kirkjunni. Biskup lýsti yfir ánægju sinni með verkið og lagði blessun sína yfir það og alla þá sem höfðu lagt hönd á plóg. Á þessari stundu var húsið sjálft tilbúið að utan, gólf komið í kirkjuna, rúður komnar í glugga en það



Biskup skoðar Krýsuvíkurkirkju í smíðum í vísitasíu sinni

átti eftir að klæða innveggi, smíða bekki, altari, kórpil, gráður og predikunarstól.

Árið 2015 var lðnskólinn sameinaður Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins og verkefnið færðist þar með yfir í Tækniskólann. Kirkjan var enn á byggingastigi á lóðinni við Flatarhraun og þar hélt smíðin áfram næstu misseri.

Vinna við kirkjuginninn

Fornleifarannsókn var gerð í Krýsuvík meðan á þessu stóð, á vegum Bygðasafns Hafnarfjarðar. Meðal þess sem kom í ljós voru tvær gólfhleðslur sem tilheyrðu eldri kirkjum og sitthvað fleira. Rannsóknin miðaði að því að undirbúa að hægt yrði að endurhlaða kirkjuginninn áður en kirkjan yrði flutt frá Hafnarfirði til Krýsuvíkur. Ákveðið var að fara ekki í fullnaðarrannsókn á kirkjuginninum, m.a. vegna kostnaðar, en líka vegna þess að með áframhaldandi rannsókn væri hætta á það mikilli röskun á kirkjuhólum að erfitt gæti reynst að koma nýsmíðaðri kirkju á grunninn þar sem fyrri kirkja stóð.

Minjastofnum veitti leyfi fyrir því að endurhlaða grunn kirkjunnar og fylgdist með framvindunni. Ari Óskar Jóhannesson hjá fyrirtækinu Krosshóli og starfsfólk hans sáu um það verk. Jafnframt var hlaðinn grjótgardur umhverfis kirkjugarðinn á þrjá vegu til að forða því að hann skriði lengra fram af kirkjuhólum. Sama fyrirtæki vann það verk og þessu fylgdi umtalsverður kostnaður. Hleðslu kirkjugarðsins lauk haustið 2018 en grunnhleðsla kirkjunnar var tilbúin haustið 2019.

Lokaorrustan

Árið 2018 tók Hildur Ingvarsdóttir við sem skólameistari Tækniskólans. Stuttu seinna fundaði stjórn Vínafélagsins með Hildi og fleira starfsfólki skólans. Stefnan var sett á að ljúka smíði kirkjunnar fyrir lok skólaárs 2020. Þrátt fyrir að kórónuveiran, sem upp kom í byrjun mars 2020, hefði mikil áhrif á allt skólalífið, tókst að standa við þessi áform. Þar munar mestu að fjórir kennarar skólans lögðu sig fram um að ljúka verkinu og gerðu það með miklum sóma. Skólameistari, nemendur skólans, kennarar og annað starfsfólk eiga mikið hrós skilið fyrir að láta þetta ganga upp.

Smíði nýrrar Krýsuvíkurkirkju lauk í júní 2020 og nú hefur Hildur

Ingvarsdóttir, skólameistari, afhent Margréti Hallgrímsdóttur, þjóðminjaværði, lykil kirkjunnar með formlegum hætti.

Næstu verkefni munu felast í því að afla leyfa til að flytja kirkjuna frá Hafnarfirði til Krýsuvíkur og ganga frá allskonar formsatriðum í tengslum við verkefnið.

Vínafélag Krýsuvíkurkirkju þakkar stjórnendum, starfsfólki og nemendum lðnskóla Hafnarfjarðar og Tækniskólans – skóla atvinnulífsins, fyrir frábærlega vel unnið verk. Jafnframt fær Guðmundur Lúther Hafsteinsson miklar þakkar fyrir ómetanlegt framlag í tengslum við teiknivinnu og upplýsingagjöf og ekki síst fyrir að fylgja smíðinni eftir af einstakri alúð. Yfirgripsmikil þekking hans og ráðgjöf á öllum stigum málsins skiptu sköpum í þessu verkefni. Margrét Hallgrímsdóttir fær einnig þakkar fyrir allt sem Þjóðminjasafnið hefur gert til að láta þetta ganga upp. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, starfsfólki Bygðasafns Hafnarfjarðar og bæjarins er þakkað af alhug. Kirkjugarður Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarsókn hafa stutt verkefnið á ýmsa lund frá upphafi og það ber að þakka. Margir aðrir hafa verið Vínafélaginu innan handar með fjárstuðningi og ýmiskonar framlögum. Þar á meðal eru Lúther S. Kristjánsson, Snorri F. Welding, Lore Siemsen, Ólafur Björnsson (Dalsnes ehf), Guðmundur Bjarnason, Hulda Halldórsdóttir, Knútur Björnsson og Kristjana Ellertsdóttir, Hrafnhildur Sigurjónsdóttir, Erna Friða Berg, Jón Jónsson, Halldóra Edda Jóhannsdóttir og fjölmargir félagar í Vínafélagi Krýsuvíkurkirkju. Þá hefur Erlendur Sveinsson kvikmyndað framgang verksins og hannað kirkjuvígslukrá á eigin kostnað.

Mestar þakkar fá Hrafnkell Marinósson, samstarfsfólk hans og nemendur Tækniskólans, fyrir að halda verkefninu gangandi allan þennan tíma. Þeirra er heiðurinn og er þeim þakkað frá dýpstu hjartarótum.



Smíðakennarar Tækniskólans f.v. Bjarni, Guðmundur, Hrafnkell og Björn. Fjörmennningar þessir luku kirkjusmíðinni á Kóvídtímabilinu apríl - júní 2020

Ávarp þjóðminjavarðar, Margrétar Hallgrímsdóttur

Takk fyrir þetta. Takk fyrir öll þessu góðu orð og fróðleik sem hér hefur verið rakinn. Þetta er stórkostlegt. Ég vil taka undir það sem þú [Jónatan] segir; þetta er ein af þessum ógleymanlegu stundum, að standa hér núna og verða vitni að þessum árangri og þessu samhenta átaki. Þú talaðir um að margir hefðu lagt hönd á plóg, það má segja að margir hafi lagt hönd á hefil. Það er auðvitað stórkostlegt vegna þess að þetta var mikið áfall þegar kirkjan, sem tilheyrði Húsasafni Þjóðminjasafnsins og var á meðal ómetanlegra minja, sem að við bárum ábyrgð á að varðveita, brann. En þarna gerist eða verður þessi atburðarás, kirkjan brennur og það er mikið áfall.

Sameiginlegur menningararfur og minningar

Við missum mikið öll og við finnum fyrir því öll. Alveg eins og þegar Þjóðminjasafn í Brasilíu brennur þá finnum við fyrir því öll. Þegar Notre Dame brennur þá finnum við fyrir því öll af því þetta er eitthvað sem við eigum saman. En það vill svo til að þegar menningararfur er annars vegar, og þó að þetta séu áþreifanlegar minjar þá eru þetta fyrst og fremst minningar fólks, þetta eru heimildir um líf fólks, þetta hefur með menningu okkar að gera, okkar rætur og minningar. Þess vegna skiptir handverkið og þekking á handverki svo miklu máli.

Heimildir forsenda endurbyggingar

Það vildi svo til að þegar þetta áfall verður við að kveikt var í kirkjunni þá hafði staðið yfir í áratug útgáfa á ritröðinni „Kirkjur Íslands“ þar sem fjallað er um allar friðaðar kirkjur á landinu. Guðmundur Lúther, samstarfsmaður minn, er búinn að vera einn af lykilþátttakendum í því verki. Það er búið að gefa út þessi rúmlega 30 bindi um allar friðaðar kirkjur landsins. Það hefur falið í sér skrásetningu á þessum arfi, ljósmyndun, uppmælingar, teikningar, heildarsöfnun og svo framvegis. Það vildi svo til að við áttum heimildir, sem gátu verið til grundvallar endurbyggingu. Svo kemur til þessi stórkostlega hugmynd að snúa vörn í sókn, að stofna Vínafélag. Mér verður hugsað til föður míns sem var smíður og með þarna frá upphafi. Hann lést svo stuttu síðar. Sá yrði nú glaður ef að hann væri hér í dag. Þess vegna veit ég að þetta snertir við okkur öllum.



Mikilvægi handverksins

Það að það skyldi vera stofnað þetta Vínafélag og að það yrði þetta samstarf við skólann þannig að ungt fólk kæmi að þessu finnst mér alveg stórkostlegt. Af því að það skiptir svo miklu máli upp á þjóðminjavörslu til framtíðar lítið að þekkingu á handverkinu sé miðlað áfram og að hér hafi gefist tækifæri til að miðla þessari þekkingu, hvernig maður heldur við eða smíðar hús eftir gömlum hefðum, og að þetta hafi verið ræktað hér í þessum skóla og það leiði til þess

að við eigum ennþá þessa heimild um þá kirkju sem stóð þarna í rúm 150 ár á grunni eldri kirkna. Nýsmíðin sem byggir á þessum heimildum mun áfram verða hluti af sögu þessa kirkjustaðar. Þannig heldur sagan áfram.

Vörn snúð í sókn

Ég vil fyrir hönd Þjóðminjasafnsins þakka Vínafélaginu, skólanum, kennurum, nemendum, Hafnarfjarðarbæ, öllum vinum og velunnurum þessa verkefnis, sem tóku höndum saman um það að snúa vörn í sókn fyrir að það kæmi eitthvað jákvætt út úr þessu áfalli. Og það er táknað að því sé siglt í höfn á tímum Kóvíd. Ég vil þakka ykkur öllum kærlega fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands og ég ætla að biðja Guðmund Lúther, samstarfsmann minn, um að halda á lyklinum rétt á meðan þannig að við getum látið hann ganga á milli. Og svo munum við við hátíðlega athöfn afhenda hann Vínafélaginu þegar þar að kemur. Þetta er til marks um þessa samvinnu okkar.

Takk öll og til hamingju, þetta er stórkostlegt. Og skilið kveðju til nemenda skólans með innilegum þökkum frá okkur á Þjóðminjasafninu og í þjóðminjavörslunni.



Tækniskólinn afhentir Þjóðminjasafninu lykil Krýsuvíkurkirkju

AFHENDING KRÝSUVÍKURKIRKJU

Ávarp umsjónarmanns Þjóðminjasafns með kirkjusmíðinni, Guðmundar Lúthers Hafsteinssonar

Góðir gestir og samstarfsfólk.

„Það skal vanda sem lengi á að standa“ segir máltæknið. Það á vissulega við um það verk sem við sjáum hér fyrir okkur að lokinni 10 ára vinnu nema, fyrst við lðnskólann í Hafnarfirði og síðar í Tækniskóla atvinnulífsins. Allt handverk við smíðina ber vitni um vandaða vinnu og mikinn metnað yfirstjórnar skólans, kennara og nema.

Krýsuvíkirkirkja var byggð árið 1857 og var yfirsniður hennar Beinteinn Stefánsson bóndi og smíður í Arnarfelli.

Hún var lögð niður sem sóknarkirkja 1917 og breytt í íbúðarhús 1929 en eftir að byggð lagðist af í Krýsuvík hrónaði húsinu mjög. Björn Jóhannesson bæjarfulltrúi í Hafnarfirði beitti sér fyrir viðgerð á húsinu 1954 með velvilja bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og lauk viðgerðinni að mestu árið 1961. Kirkjuhúsið var endurvígt 1964 og sama ár tók Þjóðminjasafn Íslands við húsinu til eignar ásamt landspildu. Þjóðminjasafnið hóf viðgerð á kirkjunni 1989 og var henni fram haldið næstu ár. Þá voru veggir klæddir listapili að nýju og gluggar endursmíðaðir. Kirkjan var mæld og teiknuð árið 2002 af Jóni Pálssyni arkitekt.

Menningarsögulegt og byggingarlistarlegt gildi Krýsuvíkirkirkju var ótvírætt. Í húsinu mættust í órofna heild góð byggingarlistarleg tók, hlutföll bundin gullinsniði sem endurspegluðu skiptingu kirkjunnar í framkirkju og kór sem og gluggasetningin, vandað handverk en allt yfirbragð hússins bar enn fremur vott um nægjusemi enda þurfa ekki öll Guðshús að vera háloftuð og víð til veggja.

Ávarp bæjarstjóra Hafnarfjarðar, Rósu Guðbjartsdóttur

Mig langaði til að fá að nota tækifærið og þakka ykkur öllum fyrir, þessum framtakssömu einstaklingum sem fóru af stað með þetta verkefni. Það er frábært að heyra þessa sögu. Og alveg einstakt að sjá og heyra hvernig kraftar hafa verið sameinaðir og hvernig þetta hefur verið gert í gegnum árin og unga fólk nýtt og allt þar fram eftir götunum. Þetta er merki um hvað einstaklingarnir og svo samfélagið geta gert saman. Mig langaði til að segja frá því að nú



Þegar ákveðið var að ráðast í endurgerð kirkjunnar eftir brunann 2. janúar 2010 var farið eftir uppmælingateikningunum frá 2002 en hjá Þjóðminjasafni Íslands voru gerðar nýjar teikningar af burðarvirki, frágangi kirkjunnar og innansmíði. Við smíði á bekkjum, kórþili, prédikunarstól, grátum og altari var Búrfellskirkja í Grímsnesi sem byggð var 1845 höfð að fyrirmynd enda sýnir ljósmynd af Krýsuvíkirkirkju frá 1907 að innansmíði þeirra var harla lík.

Verkefnið sýnir okkur að hægt er að sameina krafta minjavörslu og menntunar í þágu atvinnulífs og verndunar gamalla húsa. Varðveisla gamalla bygginga til framtíðar verður ekki tryggð án þekkingar á gömlu handverki.

Auk þessa verkefnis hefur Þjóðminjasafn Íslands einnig í sama tilgangi tekið upp samstarf við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkrók um viðgerð og endursmíði á Stefánskirkju sem reist var á Sauðanesi á Langanesi árið 1848.

Á þessum tímamótum ber að þakka Vínafélagi Krýsuvíkirkirkju fyrir gott og gefandi samstarf og sömuleiðis kennurum Tækniskólans og nemendum. Á engan er þó hallað í þessu samhengi að nefna sérstaklega Hrafnkel Marínósson – nú kirkjusmíð - sem hefur verið drifjöðurin í verkinu. Bestu þakkir fyrir gott samstarf og frábært handverk og vonandi höldum við samstarfinu áfram í nýjum verkefnum.



nýlega þá barst bænum yfirlýsing frá ríkinu þess efnis að ríkið hyggst afhenda bænum aftur lóðina þar sem að kirkjan stóð, þannig að þetta er einmitt komið í hring. Nú bara stendur það upp á bæinn að klára það og koma málum þannig áleiðis að við getum komið kirkjunni aftur á sinn upprunalega stað. Og við látum okkur bara hér með hlakka til þess þegar það gerist. En fyrst og fremst: Takk kærlega fyrir og til hamingju þið og við öll.

AFHENDING KRÝSUVÍKURKIRKJU

Ávarp höfuðkirkjusmíðsins, Hrafnkels Marínóssonar

Ég ætla nú bara að vera ekki með neitt lítiltæti, sko.

Hrafnkell stígur upp í predikunarstólinn.

Ágætu gestir, vinir og gestir og velunnarar verkefnisins. Það eru náttúrlega ótrúlega margir sem að eru búnir að koma að þessu verkefni og sem betur fer er búið að þakka fleirum en færri. Ég ætla nú bara að þakka skólastjórnendum, og ég ætla að þakka vinnufélögum mínum, Bjarna Þorvarðssyni, Birni Ottó, Guðmundi Helga og honum Þórhalli Hólmeirssyni sérstaklega, sem er að berjast við smáveikindi. En í öllum svona góðum verkum þá þarf náttúrlega góða málara líka. Og við fengum hann Engilbert, kallaður Venni, til þess að aðstoða okkur.

Það er búið að segja margt hérna, sem að þurfti að segja, en ég ætla að segja það bara að þessi skelfilegi atburður, sem varð þarna fyrir tíu árum síðan, hann varð engu að síður til þess að við erum hér saman og þetta verkefni varð til. Það er nú kannski ekki



bein svona blessun yfir því að þetta hafi brunnið en þetta skilur svolítið eftir sig. Mér finnst það bara mjög ánægjulegt í raun og veru.

En það er eitt hérna smávegis í lokin að því að ég á nú eftir að þakka honum Guðmundi Lúther almennilega þá ætla að biðja hann um að koma hérna upp, Guðmundur! Af því að Guðmundur er pínulítið hrekkjóttur og ég líka kannski þá pantaði Guðmundur hjá mér svona pennastokk. *Hrafnkell dregur*

fram smápúlt eins og er á predikunarstólnum en með öfugum málsetningum. Í þessum pennastokki geymir hann náttúrlega bara eitthvað góss sem verður á skrifborðinu hans, vonandi. Hér stendur: Guðmundur Lúther Hafsteinsson, hafðu þakkir góðar fyrir alla aðstoðina við endurbyggingu á Krýsuvíkirkirkju árin 2010 – 20. Bjarni Þorvaldsson, Björn Ottó Halldórsson, Guðmundur Helgi Helgason, Hrafnkell Marínósson og Þórhallur Hólmeirsson. Gjörðu svo vel. Njóttu.

Séra Gunnþór P. Ingason blessar kirkjugesti

Mér finnst eins og þessi tíu ár hafi liðið á skömmum tíma, þó viðburðarrík hafi verið. Ég tek undir allar óskir og fagna þeirri sögu sem hér varð okkur að frásöguvefni. Og sannarlega er í hjarta mér mikil þökk til Vínafélagsins og skólans og til allra þeirra sem lagt hafa hér hönd að verki. Ég mun fara með stutta bæn og blessun jafnframt því sem ég segi kærlega fyrir þessu verkefni. Ég mun fara með stutta bæn og blessun jafnframt því sem ég segi kærlega fyrir þessu verkefni. Ég mun fara með stutta bæn og blessun jafnframt því sem ég segi kærlega fyrir þessu verkefni.

Biðjum: Himneski faðir, þökk fyrir nýsmíðaða Krýsuvíkirkirkju og alla sem hafa unnið að og stutt það góða verk. Og gef að vel takist að koma kirkjunni fyrir á sínum helga stað í Krýsuvík og nánd þín fylgi vígslu hennar og framtíð. Blessa Tækniskólann, stjórnendur hans, kennara og nemendur og launa þeim hið góð



verk með vernd og leiðarljósi fram í frelsarans nafni. Og blessaðu íslenska þjóðmenningu og starf Þjóðminjasafnsins og hvaðeina sem stuðlar að því að rækt sé lögð við íslenska kristni fyrr og síðar og þjóðararf. Meðtakið að lyktum fornhelga írska blessun, sem minnir á rætur íslenskrar kristni. *Allir standa upp.* Djúpur friður berist þér í bylguflæði, friður í streymandi andblænum, friður frá jarðarkyrrð, friður frá skínandi himinstjörnum, djúpur friður frá

fríðarsyninum góða. Blessun Guðs gefist þér og reynist. Amen. Í Jesú nafni, amen.

Að afhendingarathöfninni lokinni bauð Tækniskólinn upp á kirkjukaffi.

FLUTNINGUR KRÝSUVÍKURKIRKJU

Flutningur kirkjunnar í máli og myndum eftir Jónatan Garðarsson og Erlend Sveinsson



UNDIRBÚNINGSFERÐ TIL KIRKJUSTÆÐISINS 20. MAÍ 2020

Farið var í vettvangsferð til Krýsuvíkur miðvikudaginn 20. maí 2020 til að kanna aðstæður og skoða hvernig haganlegast væri að flytja Krýsuvíkirkirkju og koma henni fyrir á grunninum á kirkjuhólnum. Til fundarins komu Jónatan Garðarsson, Sigurjón Pétursson, Erlendur Sveinsson, Gunnþór P. Ingason, Haraldur Þór Ólafsson hjá Furu, Tryggvi Aðalsteinsson hjá ET flutningum, Sigurður Gylfason hjá Grafa og grjót og Björn Pétursson byggðasafnsvörður.

Aðstæður á gamla bæjarhólnum voru skoðaðar og metnar. Niðurstaðan varð sú að ekki væri ráðlegt að aka flutningabifreið og krana inn á bæjarhlaðið, þar sem undirstaðan þar er mjög viðkvæm í nálægð við fornminjar í jörðu. Hætta gæti skapast á að jarðvegur skriði til og krani og vörubíll sykkju ofan í hólinn undan þunga sínum. Ráðgert var að setja malarpúða við hliðina á gamla veginum fyrir neðan kirkjuhólinn og hífa kirkjuna þaðan sem er um 25 metra haf frá krana að kirkjustæðinu. Þetta kallar á

mun stærri krana en upphaflega var ráð fyrir gert. Hafði Haraldur þegar samband við mann hjá DS krönnum sem sagðist geta sinnt þessu verki án mikilla vandkvæða en gera yrði ráð fyrir rúmlega 100 tonna krana.

Vettvangsferðinni lauk á því að nokkrir úr hópnum komu við í Sveinssafni til að ræða ýmis framkvæmdatriði áður en haldið var aftur til Hafnarfjarðar. Fimm mánuðir liðu svo fram að flutningi.



Vettvangsmenn í þungum þönkum



Björn Pétursson, byggðasafnsvörður og Jónatan Garðarsson



Gæta verður að fornminjum neðanjarðar





Haraldur Þór Ólafsson og Sigurður Gylfason að nálgast lausnina

FLUTNINGUR KRÝSUVÍKURKIRKJU

Útbúin hífingarstaður með malarpúða við kirkjugarðinn í Krýsuvík



Krýsuvíkirkirkja hífd upp á tengivagnspall í porti Tækniskólans



Krýsuvíkirkirkju ekið til Krýsuvíkur 9. október 2020



FLUTNINGUR KRÝSUVÍKURKIRKJU

Krýsuvíkurkirkja híð á grunn sinn 10. október 2020



Hrafnkell, Jónatan og Björn, bygðasafnsvörður, mættir við sólarupprás til að undirbúa grunninn



Kraninn gerður balansklár til að geta lýft 8 tonna kirkjunni yfir á grunn sinn í um 25 metra fjarlægð



Margir komu til að fylgjast með fúmlausum hífingarmönnum



Þar var kranamaðurinn fremstur í flokki, rólegur og yfirvegaður



Ögleymanleg stund fyrir alla nærstadda



Og nú reyndi á stærðar- og hallamál kirkjuginnsins



Fyrirtækið DS LAUSNIR lagði til tæki og mannskap án endurgjalds



Sömu sögu er að segja um alla aðra sem komu að flutningnum

KRISTNIHALD Í KRÝSUVÍK

Krýsuvíkurkirkja upprisin og endurreist eftir séra Gunnþór P. Ingason

Mikið þakkarefni er að Krýsuvíkurkirkja sé aftur komin á grunn og vígð í Krýsuvík, upprisinn úr loga. Með því hefst nýr kafli í sögu kristni þar og kirkju. Eftir að byggð lagðist af í Krýsuvík í byrjun fyrri aldar og kirkjan var afhelguð var sem hún ætti enga framtíð fyrir sér sem helgidómur. Áratugum saman var hún sem þúst ein í landslagi enda þótt Magnús Ólafsson, sauðfjárabóndi, dveldist í kirkjunni um árabíl sem góður hirðir er gætti hjarðar sinnar í Krýsuvík. Kirkjan var eyðileg eftir að hann hvarf þaðan og næma sýn og trúarskynjun þurfti til að greina þýðingu hennar. Björn Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, átti þá sýn. Hann lét endurgera Krýsuvíkurkirkju fyrir eigið fé og bjargaði henni þannig. Hann fékk síðan Sigurbjörn Einarsson, biskup Íslands, til að endurvígja kirkjuna á hvítasunnudegi árið 1964. Þjóðminjasafnið tók hana uppfrá því í sína umsjá.

Sveinn Björnsson, listmálari, sem vann að list sinni í Krýsuvík, tók síðar upp merki Björns og ól þá ósk í brjósti að Krýsuvíkurkirkja yrði á ný lifandi helgdómur, hvattur til þess af draumkonu sinni sem birtist í list hans. Sveinn gaf kirkjunni altarismynd rétt fyrir andlát sitt, er hann nefndi „Upprisu“. Við helgistund eftir jarðsetningu hans í garði kirkjunnar vorið 1997 var myndin hengd upp í kirkjunni og blessuð. Fjölsóttar messur voru síðan haldnar í kirkjunni í byrjun hausts og vors og í fáein skipti að auki. Altarismyndin var varðveitt í Hafnarfjarðarkirkju á vetrum og brann því ekki. Frá árinu 2000 var boðið til messukaffis í bláu Sveinshúsi í Krýsuvík þar sem Sveinn hafði málað og þar sem Sveinssafn heldur sýningar á myndum hans. Þær birta dulmögnum jarðar og himins, engla og vermdar- og huldudísir, og það var sem þær glæddu enn skyn þeirra sem komu frá kirkjunni fyrir undrum lífsins og margræði þess. Skapandi tengsl kirkju og safns, trúar og listar, reyndust gefandi og dýrmæt. En aðeins tæpum þremur árum eftir að haldið var veglega upp á 150 ára afmæli Krýsuvíkurkirkju 2007 var hún brunnen. Haldin var helgistund að vori næstu árin á kirkjugrunninum og þess beðið að kirkjan myndi endurrísa og komið



Trúin á upprisu Krýsuvíkurkirkju 2011

svo saman í Sveinssafni til að viðhalda gefandi tryggðarböndum.

Vinafélag Krýsuvíkurkirkju, sem stofnað var eftir kirkjubrunann, vann að því undir forystu stjórnar sinnar að endurreisa kirkjuna. Það sér nú vonir sínar rætast og markmið nást og þakkar stjórnendum, smíðakennurum og nemendum lðnskólans í Hafnarfirði, síðar Tækniskólans, sem reistu Guðshúsið og gefið hafa listlegt smíðaverk sitt. Og faglegur stuðningur þjóðminjavarðar og starfsmanna Þjóðminjasafns reyndist ómetanlegur svo

að vel tækist til við kirkjusmíðina og er mikils metinn.

Eftir vígslu endurreistar Krýsuvíkurkirkju varðar miklu að gagnvegir verði sem fyrr á milli hennar og Sveinssafns og viðgangur þess tryggður sem best er yrði báðum, til hagsbóta. Safnið þurfti sem fyrr að geta veitt athvarf eftir messur í Krýsuvíkurkirkju, sem miðlaði blessun sinni til safnsins, þar sem trúaráhrif hennar skerptust af list og litum. Ánægjulegt væri að hægt yrði að messa í kirkjunni mánaðarlega yfir sumarmánuðina, en kostur gefst nú til þess því að opnunartímum Sveinssafns hefur fjölgað.

Krýsuvík tilheyrir Hafnarfirði. Því ber að treysta að ráðamenn þar sjái gildi þess að auka veg kirkjunnar sem eftirsóknarverðs áfangasstaðar ferðamanna með því að reisa þjónustumiðstöð er tengdist Sveinssafni, þar sem þeir nytu listar og byðist beini bjartasta árstímamann. Ökuleiðin á milli safns og kirkju er stutt og vegalengdin hentug fyrir göngufólk sem ganga vill um í landslaginu og skynja innri orkustrauma náttúrunnar og svala sál sinni á lífslindum trúarinnar.

Gestabækur kirkjunnar, sem varðveist hafa, geyma umsagnir og þakkarorð á fjölda tungumála. Í upprunalegri mynd og látleysi sínu í máttugu umhverfi mun Krýsuvíkurkirkja sem fyrr laða fjölmarga til sín og vekja þá auðmýkt í sálu er nemur návist Guðs í sköpunarundrum. Og inni í helgidóminum mun altarisstaflan Upprisa, óhlutbundin og litsterk, tengja sögu og samtíð og boða endursköpun lífs í Jesú nafni. Og það mun Krýsuvíkurkirkja gera upprisin og endurreist.



Síðasta messan í Krýsuvíkurkirkju 11. okt. 2009



LOKAHNYKKURINN Í ENDURSMÍÐI
 Krýsuvíkirkirkju stóð yfir frá apríl og fram í júní árið 2020. Smíðakennarar skólans sameinuðu kraftana og luku við smíði og uppsetningu innréttinga, bekkja, pílóra, altaris og predikunarstóls. Að auki voru smíðaðir hlerar fyrir glugga og kirkjan endurtjörguð.

